

Reykjavík, 27. mars 2001

Alþingi,
efnahags- og viðskiptanefnd,
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Umsögn um frv. til l. um brt. á lagaákvæðum um eftirlit með eigendum virkra eignarhluta í fjármálafyrirtækjum (522. mál).

Vísað er til bréfs nefndarinnar frá 16. mars sl. þar sem óskað er eftir umsögn Samtaka fjármálafyrirtækja (SFF) um ofangreint frumvarp. Rétt er að taka fram að aðild að SFF eiga Samtök banka og verðbréfafyrirtækja, Samband íslenskra sparisjóða og Samband íslenskra tryggingafélaga.

Íslenskur fjármálamarkaður hefur tekið miklum breytingum síðasta áratug, ekki síst í kjölfar lögfestingar EES-samningsins, sem opnaði endanlega fyrir frjálsum fjármagnsflutningum yfir landamæri aðildarríkjanna. Mikil áhersla var lögð á það við gerð samningsins að á sama tíma og afnumdar væru hindranir á fjármagnsflæði skyldi stefnt að því að reglur einstakra aðildarríkja um fjármálastarfsemi yrðu sem einsleitastar.

Ljóst er að íslensk fjármálafyrirtæki starfa nú í alþjóðlegu umhverfi. Gildandi lagaákvæði um fjármálastarfsemi, m.a. hvað varðar eftirlit með eigendum fjármálafyrirtækja, eru í fullu samræmi við þær kvaðir sem tilskipanir EB gera til aðildarríkja EES-samningsins. Það frumvarp sem hér er til umfjöllunar gengur hins vegar þvert gegn því meginmarkmiði að stefna að sem alþjóðlegustum fjármálamarkaði hér á landi. Í stað þess að halda áfram að vinna á þeirri braut að skapa íslenskum fjármálafyrirtækjum samkeppnishæf starfsskilyrði við erlenda keppinauta, miðar frumvarpið að því að settar verði sértækar reglur um strangara eftirlit með eigendum virkra eignarhluta í fjármálafyrirtækjum en almennt þekkist. Mikils ósamræmis gætir í að sjá tillögur í þá átt á sama tíma og stjórnvöld hafa verið að leggja síaukna áherslu á mikilvægi þess að ná erlendri fjárfestingu til landsins í meira mæli en verið hefur. Undanfarið hefur sú umræða ekki síst snúist um aukna fjárfestingu erlendra aðila í íslenskum fjármálafyrirtækjum.

Eitt megin skilyrði fyrir allri fjárfestingu í alþjóðavæddum heimi er að leikreglur þess lands sem fjárfesting beinist að sé í takt við leikreglur hins alþjóðlega markaðar. Þau ríki sem kjósa að búa sínum atvinnufyrirtækjum sérreglur, sem eru þrengri en almennt þekkist, munu af þeim sökum aldrei verða raunhæfur kostur fyrir erlenda fjárfesta.

Almennt verður að segja um efni þessa frumvarps, að einstök ákvæði þess eru óskýr og sum þeirra ákaflega matskennd og þannig úr garði gerð, að þau hljóta að valda

ágreiningi. Til dæmis ganga kröfur sem frumvarpið gerir um upplýsingagjöf varðandi umsókn til Fjármálaeftirlitsins í tengslum við kaup á virkum eignarhlut langt fram yfir það sem með nokkru móti getur talist raunhæft að fara fram á.

Samkvæmt gildandi lagabálkum sem varða fjármálastarfsemi ber þeim aðilum sem hyggjast eignast virka eignarhluti í fjármálafyrirtækjum að tilkynna Fjármálaeftirlitinu fyrirfram um slík áform. Geta þá stjórnvöld gert athugasemdir við eignarhaldið og ef þeim þykir ástæða til, komið í veg fyrir kaupin. Ekki verður séð annað en þessar heimildir hins opinbera tryggi að það geti komið í veg fyrir stóra eignarhlutdeild einstakra aðila ef það telur brýna ástæðu til íhlutunar.

Um þessar mundir er starfandi á vegum viðskiptaráðuneytisins sérstök bankalaganefnd sem vinnur að heildstæðri endurskoðun á gildandi lögum um fjármálafyrirtæki. Eitt meginmarkmið þeirrar vinnu er að gera íslenska fjármálastarfsemi sem samkeppnishæfasta í alþjóðlegu tilliti. Afar óheppilegt er að ráðherra skuli á sama tíma fara fram með frumvarp til laga sem miðar að því að lögfesta séríslenskar reglur á sviði fjármálastarfsemi.

Með hliðsjón af framansögðu leggjast Samtök fjármálafyrirtækja eindregið gegn lögfestingu frumvarpsins.

Virðingarfyllt,
SAMTÖK FJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA

